

Flóahreppur  
Ársreikningur  
2021



Flóahreppur  
Þingborg  
801 Selfoss

Kt. 600606-1310

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

---

Ársreikningur Flóahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 847,7 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 818,5 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark árið 2021. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,50% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 18,8 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 25,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2021 nam 696,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 722,5 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem geisað hefur í tvö ár hefur haft áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Vonir standa nú til að faraldrinum sé að ljúka. Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 voru ekki veruleg. Sjá nánar í skýringu 18.

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Pingborg, 5. apríl 2022.


Sveitarstjóri:



Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Pingborg, 3. maí 2022.

Sveitarstjórn:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Flóahrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2021 sem hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 3. maí 2022.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	471.861	508.022	444.686	471.820	507.609	444.646
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	256.686	221.396	244.649	256.686	221.396	244.649
Aðrar tekjur .....	4	89.959	107.124	77.188	119.191	136.424	107.270
		<u>818.505</u>	<u>836.542</u>	<u>766.523</u>	<u>847.696</u>	<u>865.429</u>	<u>796.566</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	496.265	491.542	446.536	496.265	491.542	446.536
Annar rekstrarkostnaður .....		328.354	320.916	305.700	338.115	332.429	320.473
		<u>824.620</u>	<u>812.458</u>	<u>752.236</u>	<u>834.381</u>	<u>823.971</u>	<u>767.009</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		( 6.115 )	24.084	14.288	13.315	41.458	29.557
Afskriftir .....	8	( 18.072 )	( 19.878 )	( 16.743 )	( 24.332 )	( 28.094 )	( 22.491 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		( 24.186 )	4.206	( 2.455 )	( 11.017 )	13.364	7.066
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	( 1.536 )	5.407	1.646	( 7.764 )	( 4.874 )	( 6.824 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð)...</b>	13	<u>( 25.722 )</u>	<u>9.613</u>	<u>( 809 )</u>	<u>( 18.782 )</u>	<u>8.490</u>	<u>242</u>

# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>				
		<b>A hluti</b>		<b>A og B hluti</b>		
<b>Skýr.</b>		<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	
<b>Fastafjármunir</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir .....	8	397.933	406.115	397.933	406.115
	Byggingarland, veitu- og gatnakerfi .....	8	18.739	19.873	163.952	163.670
	Vélar, áhöld og tæki .....	8	18.303	16.551	18.303	16.551
			<u>434.975</u>	<u>442.539</u>	<u>580.188</u>	<u>586.336</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9	105.585	104.974	30.585	29.974
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	45.557	50.593	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	53.897	56.240	53.897	56.240
			<u>205.039</u>	<u>211.807</u>	<u>84.482</u>	<u>86.214</u>
	Fastafjármunir		<u>640.014</u>	<u>654.345</u>	<u>664.670</u>	<u>672.550</u>
<b>Veltufjármunir</b>						
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur .....	12	71.621	71.275	78.945	75.363
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		51.875	41.435	0	0
	Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	2.343	2.343	2.343	2.343
	Aðrar skammtímakröfur .....		7.600	6.513	7.600	6.513
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	7.487	6.466	0	0
	Handbært fé .....	3j	189.169	192.094	200.681	205.530
	Veltufjármunir		<u>330.093</u>	<u>320.126</u>	<u>289.569</u>	<u>289.748</u>
	<b>Eignir samtals</b>		<u>970.107</u>	<u>974.471</u>	<u>954.240</u>	<u>962.298</u>

## 31. desember 2021

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2021	2020	2021	2020
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	722.507	747.230	696.046	713.827
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	14	126.945	124.617	165.278	166.284
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		33.997	26.276	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	3.708	3.519	7.041	6.852
Aðrar skammtímaskuldir .....		82.949	72.829	85.874	75.335
		120.655	102.624	92.915	82.187
Skuldir samtals		247.600	227.241	258.194	248.471
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>970.107</b>	<b>974.471</b>	<b>954.240</b>	<b>962.298</b>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings.....	16				



# Sjóðstreymisýfirlit árið 2021

Skýr.	Ársreikningur	A hluti			A og B hluti		
		2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	13	( 25.722 )	9.613	( 809 )	( 18.782 )	8.490	242
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	18.072	19.878	16.743	24.332	28.094	22.491
Verðbætur .....		2.220	1.925	3.007	5.509	3.318	5.139
Veltufé (til) frá rekstri		( 5.431 )	31.416	18.941	11.059	39.902	27.872
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting ...	11	2.343	2.343	2.343	2.343	2.343	2.343
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		( 346 )	0	( 3.951 )	( 346 )	0	( 3.951 )
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		( 1.087 )	0	( 1.964 )	( 4.324 )	0	( 3.690 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		10.120	0	17.648	10.539	0	18.859
Samtals		11.030	2.343	14.076	8.212	2.343	13.561
Handbært fé frá rekstri		5.599	33.759	33.016	19.272	42.245	41.433
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ....	8	( 9.508 )	( 15.900 )	( 17.114 )	( 17.185 )	( 24.900 )	34.669
Skammtímakröfur v. fjárfestingar, br. ....		0	0	0	0	0	13.744
Skammtímaskuldir v. fjárfestingar, br. ....		0	0	0	0	0	( 6.278 )
Langtímakr. á eigin ft, breyting.....	7	7.304	6.518	6.187	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 2.204 )	( 9.382 )	( 10.927 )	( 17.185 )	( 24.900 )	42.135
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Víðskiptastaða eigin ft, breyting .....		( 2.718 )	( 8.236 )	69.898	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	14	( 3.602 )	( 3.596 )	( 5.043 )	( 6.936 )	( 6.929 )	( 8.377 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 6.321 )	( 11.832 )	64.855	( 6.936 )	( 6.929 )	( 8.377 )
<b>(Lækkun), hækkun á handbæru fé .....</b>		( 2.926 )	12.545	86.945	( 4.849 )	10.416	75.191
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		192.094	192.095	105.150	205.530	205.530	130.339
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		189.169	204.640	192.094	200.681	215.946	205.530

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Flóahreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 697 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Þingborg.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Flóahrepps árið 2021 hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita og Flóaljós.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### **3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **d. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært í eiginfjárreikning.

#### **e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna**

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi og byggingarland.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### **f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### **g. Langtímakröfur**

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### **h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs**

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### **i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### **j. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### **k. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### **l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

#### **m. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 20.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	388.994	424.748	364.385	388.994	424.748	364.385
Fasteignaskattur.....	81.904	82.311	79.398	81.863	81.898	79.358
Lóðarleiga.....	963	963	904	963	963	904
	<u>471.861</u>	<u>508.022</u>	<u>444.686</u>	<u>471.820</u>	<u>507.609</u>	<u>444.646</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna tekjufjöfnunar.....	8.834	3.537	2.850	8.834	3.537	2.850
Framlag vegna fasteignaskatts.....	32.375	29.933	31.828	32.375	29.933	31.828
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	108.977	84.868	98.370	108.977	84.868	98.370
Framlög vegna grunnskóla.....	97.871	101.258	101.764	97.871	101.258	101.764
Önnur framlög.....	8.629	1.800	9.838	8.629	1.800	9.838
	<u>256.686</u>	<u>221.396</u>	<u>244.649</u>	<u>256.686</u>	<u>221.396</u>	<u>244.649</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>728.547</u>	<u>729.418</u>	<u>689.336</u>	<u>728.505</u>	<u>729.005</u>	<u>689.296</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	<u>89.959</u>	<u>107.124</u>	<u>77.188</u>	<u>119.191</u>	<u>136.424</u>	<u>107.270</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>818.505</u>	<u>836.542</u>	<u>766.523</u>	<u>847.696</u>	<u>865.429</u>	<u>796.566</u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	402.153	403.176	356.557	402.153	403.176	356.557
Launatengd gjöld .....	92.658	86.023	82.141	92.658	86.023	82.141
Annar áf. launakostnaður, breyting.... ( 888 )		0	5.495	( 888 )	0	5.495
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	2.343	2.343	2.343	2.343	2.343	2.343
Laun og launatengd gjöld samtals ....	<u>496.265</u>	<u>491.542</u>	<u>446.536</u>	<u>496.265</u>	<u>491.542</u>	<u>446.536</u>

	2021	2020
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	60	62
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	53	50
Ársverk.....	55	51
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	30.813	29.673

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Vaxtatekjur og verðbætur.....	2.566	3.004	2.258	2.598	3.004	2.298
Arður af eignarhlutum.....	0	1.000	0	0	1.000	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 9.451 )	( 6.504 )	( 7.598 )	( 10.362 )	( 8.878 )	( 9.123 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	5.349	7.907	6.985	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	( 1.536 )	5.407	1.646	( 7.764 )	( 4.874 )	( 6.824 )

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	734.731	735.708	695.650
Félagsþjónusta .....	( 57.605 )	( 40.024 )	( 40.024 )
Heilbrigðismál .....	( 922 )	( 930 )	( 902 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 559.766 )	( 542.952 )	( 512.184 )
Menningarmál .....	( 55.878 )	( 50.914 )	( 54.930 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 18.306 )	( 16.960 )	( 12.684 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 14.731 )	( 18.555 )	( 12.923 )
Hreinlætismál .....	( 14.411 )	( 5.412 )	( 8.635 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 9.833 )	( 19.226 )	( 17.636 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 6.017 )	( 7.662 )	( 8.325 )
Umhverfismál .....	( 3.461 )	( 3.915 )	( 1.516 )
Atvinnumál .....	( 4.579 )	( 1.793 )	( 6.330 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 72.264 )	( 68.740 )	( 72.855 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 2.343 )	( 2.343 )	( 2.343 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	34.560	34.832	36.970
Aðalsjóður samtals .....	( 50.824 )	( 8.885 )	( 18.666 )
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	25.102	18.498	17.857
	( 25.722 )	9.613	( 809 )
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Vatnsveita .....	2.985	2.788	( 1.769 )
Flóaljós .....	3.956	( 3.911 )	2.819
	( 18.782 )	8.490	242

**8. Varanlegir rekstrarfjármunir**

**a. Bókfært verð**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	<b>Fasteignir og lóðir</b>	<b>Byggingarland og gatnakerfi</b>	<b>Vélar, áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
<b>A hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2021 .....	791.038	28.523	32.423	851.984
Afskrifað áður .....	(384.923)	( 8.651)	( 15.871)	( 409.445)
Bókfært verð 1.1.2021 .....	406.115	19.873	16.552	442.539
Viðbót á árinu .....	5.449	0	4.059	9.508
Endurmat lóða og lendna .....	1.000	0	0	1.000
Afskrifað á árinu .....	( 14.631)	( 1.133)	( 2.308)	( 18.072)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	397.933	18.739	18.303	434.975
Heildarverð 31.12.2021 .....	797.487	28.523	36.482	867.392
Afskrifað samtals .....	(399.554)	( 9.784)	( 18.179)	( 427.517)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	397.933	18.739	18.303	434.975
Afskriftahlutföll .....	0 - 2,5%	4%	10-20%	

	<b>Fasteignir og lóðir</b>	<b>Byggingarland veitu- og gatnakerfi</b>	<b>Vélar, áhöld og tæki</b>	<b>Samtals</b>
<b>A og B hluti</b>				
Heildarverð 1.1.2021 .....	791.038	258.121	32.422	1.081.582
Afskrifað áður .....	(384.924)	( 94.451)	( 15.871)	( 495.246)
Bókfært verð 1.1.2021 .....	406.115	163.669	16.552	586.336
Viðbót á árinu .....	5.449	7.676	4.059	17.185
Endurmat lóða og lendna .....	1.000	0	0	1.000
Afskrifað á árinu .....	( 14.631)	( 7.393)	( 2.308)	( 24.332)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	397.933	163.952	18.303	580.188
Heildarverð 31.12.2021 .....	797.488	265.797	36.481	1.099.766
Afskrifað samtals .....	(399.555)	(101.845)	( 18.178)	( 519.578)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	397.933	163.952	18.303	580.188
Afskriftahlutföll .....	0 - 2,5%	4%	10-20%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2021	Áætlun 2021 með viðaukun
<b>A hluti</b>		
<b>Fasteignir og önnur mannvirki</b>		
Flóaskóli .....	5.449	13.000
	<u>5.449</u>	<u>13.000</u>
<b>Lausafjármunir og aðrar eignir</b>		
Bifreið .....	2.900	2.900
Gámahús .....	930	0
Sanddreifari .....	633	0
Seyruverkefni, endurgreiðslur .....	( 519 )	0
Seyruverkefni, framkvæmdakostnaður .....	115	0
	<u>4.059</u>	<u>2.900</u>
A hluti samtals .....	<u>9.509</u>	<u>15.900</u>
<b>B hluti</b>		
<b>Vatnsveita</b>		
Tengigjöld .....	( 3.474 )	( 5.000 )
Framkvæmdakostnaður .....	15.829	14.000
	<u>12.355</u>	<u>9.000</u>
<b>Flóaljós</b>		
Tengigjöld og styrkir .....	( 5.117 )	0
Framkvæmdakostnaður .....	438	0
	<u>( 4.679 )</u>	<u>0</u>
B hluti samtals .....	<u>7.676</u>	<u>9.000</u>
Samtals A og B hluti .....	<u>17.185</u>	<u>24.900</u>

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2021:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	526.825	581.127
Brunabótamat fasteigna.....	1.837.690	1.999.710
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	91.830	91.830
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		2.610.908

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....			2.227	2.227
Flóaáveitan .....			7	7
Flóaljós .....	100,00%	100,00%	75.000	0
Háskólafélag Suðurlands ehf. ....	1,97%	1,97%	1.370	1.370
Hitaveita Hraungerðishrepps sf. ....	15,58%	15,58%	2.908	2.908
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	4,15%	4,15%	366	366
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	0,71%	0,71%	1.465	1.465
Sláturfélag Suðurlands svf. ....			114	114
Landskerfi bókasafna hf. ....			314	314
Slökkvitækjaþjónusta Suðurlands ehf. ....	4,43%	4,43%	22	22
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	0,246%	0,246%	21.793	21.793
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			<u>105.585</u>	<u>30.585</u>

## 10. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna A hluta á B hluta greinist þannig:

	<b>A hluti</b>
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	57.058
Afborganir langtímakrafna á árinu .....	( 7.304 )
Verðbætur .....	3.289
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	53.043
Næsta árs afborganir .....	( 7.487 )
Langtímakröfur í árslok .....	45.557

Afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki í B hluta greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022 .....	7.487
Árið 2023 .....	7.674
Árið 2024 .....	7.866
Árið 2025 .....	8.062
Árið 2026 .....	3.820
Síðar .....	18.134
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	53.043

Reiknaðir eru 2,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

## 11. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun .....	58.583	58.583
Gjaldfært á árinu .....	( 2.343 )	( 2.343 )
Staða fyrirframgreiðslu í árslok .....	56.240	56.240
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:		
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna .....	2.343	2.343
Langtímahluti fyrirframgreiðslu .....	53.897	53.897
Samtals í efnahagsreikningi .....	56.240	56.240
Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:		
Framlag í lífeyrisaukasjóð .....	51.155	51.155
Framlag í varúðarsjóð .....	5.085	5.085
	56.240	56.240

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

## 12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	<b>A hluti</b>	<b>A og B hluti</b>
Óinnheimtar skatttekjur.....	43.677	43.677
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	27.944	35.269
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	71.621	78.945

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	18.856	18.856
Breyting á árinu .....	1.615	1.615
Niðurfærsla í árslok .....	20.471	20.471



## Skýringar, frh.:

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2021.....	747.230	713.827
Endurmat lóða og lendna.....	1.000	1.000
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 25.722 )	( 18.782 )
Eigið fé 31.12.2021.....	722.507	696.046

Lóðir og lendur sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af voru endurmetnar í árslok 2021 til samræmis við álit reikningskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2/2010.

### 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Óverðtryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
<b>A hluti</b>			
Staða lána í ársbyrjun .....	0	128.136	128.136
Afborganir af lánum .....	0 ( 3.602 )	( 3.602 )	( 3.602 )
Verðbætur .....	0	6.120	6.120
	0	130.653	130.653
Næsta árs afborganir.....	0 ( 3.708 )	( 3.708 )	( 3.708 )
Langtímaskuldir í árslok.....	0	126.945	126.945
<b>A og B hluti</b>			
Staða lána í ársbyrjun .....	45.000	128.136	173.136
Afborganir af lánum .....	( 3.333 )	( 3.602 )	( 6.936 )
Verðbætur .....	0	6.120	6.120
	41.667	130.653	172.320
Næsta árs afborganir.....	( 3.333 )	( 3.708 )	( 7.041 )
Langtímaskuldir í árslok.....	38.333	126.945	165.278

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2022 .....	3.708	7.041
Árið 2023 .....	3.727	7.061
Árið 2024 .....	3.747	7.080
Árið 2025 .....	3.767	7.101
Árið 2026 .....	3.788	7.122
Síðar .....	111.915	136.915
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	130.653	172.320

#### Veðsetningar

Fasteignir í eigu sveitarfélagsins að bókfærðu virði 15,9 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 34,1 millj. kr. í árslok 2021. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 96,6 millj. kr. í árslok 2021.

### 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	970.107	247.600	722.507
Vatnsveita .....	100%	75.510	104.918	( 29.408 )
Flóaljós .....	100%	122.538	44.592	77.946
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 213.915 )	( 138.915 )	( 75.000 )
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		954.240	258.194	696.046

### 16. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Bergisinn bs.

Umhverfis- og tæknisvið uppsveita bs.

Sorpstöð Suðurlands bs.

Skóla- og velferðajónusta Árneshöfða bs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Héraðsnefnd Árneshöfða bs., sem annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinnna stofnana fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlögunum:

Brunavarnir Árneshöfða

Almannavarnir Árneshöfða

Listasafn Árneshöfða

Héraðsskjalasafn Árneshöfða

Byggðasafn Árneshöfða

Tónlistarskóli Árneshöfða

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlögunna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

#### Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Brunavarna Árneshöfða hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánanna nema 438,0 millj. kr. í árslok 2021.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Listasafns Árneshöfða hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánsins nema 17,3 millj. kr. í árslok 2021.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Héraðsnefndar Árneshöfða bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 267,5 millj. kr. í árslok 2021.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafns Árneshöfða hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánanna nema 224,0 millj. kr. í árslok 2021.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Tónlistarskóla Árneshöfða hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánanna nema 20,1 millj. kr. í árslok 2021.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Héraðsskjalasafns Árneshöfða hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum. Eftirstöðvar lánanna nema 9,8 millj. kr. í árslok 2021.

### 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

### **18. Áhrif Covid-19**

Covid-19 heimsfaraldurinn sem geisað hefur í tvö ár hefur haft áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Vonir standa nú til að faraldurinn sé að ljúka. Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 voru ekki veruleg.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að greiðsluhæfi þess sé ekki skert vegna áhrifa Covid-19. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið handbært fé í árslok 2021 að fjárhæð 200,7 millj. kr. til ráðstöfunar. Í ljósi þess að skuldahlutfall sveitarfélagsins er lágt, liggur fyrir að sveitarfélagið getur með stuttum fyrirvara kallað eftir auknu lánsfjármagni til að mæta tímabundnum greiðsluferfiðleikum, ef til þess kæmi

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlagi:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	43.552	8.217	79.457	143.335	166.240	115.683
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....						
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	2,9 %	( 0,7% )	1,9 %	4,9 %	7,5 %	10,1 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	1,1 %	( 3,1% )	( 0,1% )	4,7 %	6,6 %	9,1 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	3,8 %	( 0,7% )	2,5 %	6,7 %	8,8 %	11,0 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	1,9 %	1,2 %	2,2 %	2,5 %	2,1 %	0,1 %
Skuldahlutfall.....	21,8 %	30,3 %	29,6 %	24,6 %	22,3 %	11,3 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum .....	3,94		6,58	2,50	1,49	0,06
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	8,74	( 1,51 )	3,76	16,59	19,23	24,88
Veltufjárhlutfall .....	5,19	2,74	3,12	4,60	4,96	3,80
Eiginfjárhlutfall .....	80,5 %	74,5 %	76,7 %	80,3 %	83,7 %	90,4 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	50,8 %	47,5 %	47,5 %	45,8 %	46,0 %	39,0 %
Fasteignaskattur .....	9,8 %	10,0 %	10,4 %	9,7 %	8,9 %	7,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	26,5 %	31,4 %	31,9 %	33,5 %	33,3 %	32,4 %
Lóðarleiga.....	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %
Skatttekjur samtals.....	87,2 %	89,0 %	89,9 %	89,1 %	88,4 %	78,8 %
Aðrar tekjur .....	12,8 %	11,0 %	10,1 %	10,9 %	11,6 %	21,2 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 58,8% )	( 60,6% )	( 58,3% )	( 53,6% )	( 52,8% )	( 53,0% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 38,4% )	( 40,1% )	( 39,9% )	( 41,6% )	( 39,7% )	( 37,0% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	2,9 %	( 0,7% )	1,9 %	4,9 %	7,5 %	10,1 %
Afskriftir .....	( 2,4% )	( 2,2% )	( 2,2% )	( 2,1% )	( 2,2% )	( 2,2% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	0,6 %	( 0,2% )	0,2 %	1,9 %	1,2 %	1,3 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	1,1 %	( 3,1% )	( 0,1% )	4,7 %	6,6 %	9,1 %

## Skýringar, frh.:

---

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Í þúsundum krónum á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.042	1.045	989	961	918	857
Aðrar tekjur .....	153	129	111	117	121	230
Laun og launatengd gjöld .....	( 702 )	( 712 )	( 641 )	( 578 )	( 549 )	( 576 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 458 )	( 471 )	( 439 )	( 448 )	( 412 )	( 402 )
Afskriftir.....	( 28 )	( 26 )	( 24 )	( 23 )	( 23 )	( 24 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	8	( 2 )	2	21	13	14
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	14	( 37 )	( 1 )	50	69	99
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.337	1.392	1.398	1.349	1.420	1.284
Eigið fé .....	1.076	1.037	1.072	1.084	1.188	1.162
Skuldir og skuldbindingar .....	261	355	326	265	232	123
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	45	( 8 )	27	72	92	120
Handbært fé frá rekstri.....	48	8	47	75	72	94
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	700	697	697	689	664	640

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlagi:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	32.359	5.087	63.112	137.395	162.834	111.630
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....						
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	4,8 %	1,6 %	3,7 %	6,1 %	8,2 %	12,8 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	1,0 %	( 2,2 % )	0,0 %	3,1 %	5,6 %	10,2 %
Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .....	4,6 %	1,3 %	3,5 %	6,1 %	8,7 %	10,8 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	2,9 %	2,0 %	( 4,4 % )	20,5 %	6,9 %	1,3 %
Skuldahlutfall.....	26,8 %	30,5 %	31,2 %	31,2 %	27,2 %	15,3 %
<b>Önnur hlutföll</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....	4,06	14,94	5,97	3,62	2,00	0,46
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga....	5,76	1,59	3,33	8,64	15,86	1,51
Veltufjárhluftall .....	3,25	3,37	3,85	3,52	4,11	3,43
Eiginfjárhluftall .....	75,4 %	72,9 %	74,2 %	74,9 %	77,9 %	85,2 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	49,1 %	45,9 %	45,7 %	44,6 %	45,0 %	37,3 %
Fasteignaskattur .....	9,5 %	9,7 %	10,0 %	9,4 %	8,7 %	6,9 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	25,6 %	30,3 %	30,7 %	32,6 %	32,5 %	31,0 %
Lóðarleiga.....	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %	0,1 %
Skatttekjur samtals.....	84,2 %	85,9 %	86,5 %	86,7 %	86,3 %	75,2 %
Aðrar tekjur .....	15,8 %	14,1 %	13,5 %	13,3 %	13,7 %	24,8 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 56,8 % )	( 58,5 % )	( 56,1 % )	( 52,1 % )	( 51,6 % )	( 50,6 % )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 38,4 % )	( 39,9 % )	( 40,2 % )	( 41,8 % )	( 40,2 % )	( 36,6 % )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	4,8 %	1,6 %	3,7 %	6,1 %	8,2 %	12,8 %
Afskriftir .....	( 3,2 % )	( 2,9 % )	( 2,8 % )	( 2,6 % )	( 2,4 % )	( 2,5 % )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 0,6 % )	( 0,9 % )	( 0,9 % )	( 0,4 % )	( 0,3 % )	( 0,0 % )
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	1,0 %	( 2,2 % )	0,0 %	3,1 %	5,6 %	10,2 %

## Skýringar, frh.:

---

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum krónum á íbúa:	Áætlun		Ársreikningar			
	2021	2021	2020	2019	2018	2017
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.041	1.045	989	961	917	856
Aðrar tekjur .....	195	171	154	148	146	282
Laun og launatengd gjöld .....	( 702 )	( 712 )	( 641 )	( 578 )	( 549 )	( 576 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 475 )	( 485 )	( 460 )	( 464 )	( 427 )	( 417 )
Afskriftir.....	( 40 )	( 35 )	( 32 )	( 29 )	( 26 )	( 29 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 7 )	( 11 )	( 10 )	( 5 )	( 3 )	( 0 )
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) .....	12	( 27 )	0	34	59	116
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	1.345	1.369	1.381	1.380	1.311	1.172
Eigið fé .....	1.013	999	1.024	1.034	1.021	998
Skuldir og skuldbindingar .....	331	370	356	346	290	174
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	57	16	40	68	92	123
Handbært fé frá rekstri.....	60	28	59	70	49	96
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	700	697	697	689	664	640

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2021	Hlutfall af skattt.	2020	Hlutfall af skattt.	2019	Hlutfall af skattt.
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	734.731	100,0%	695.650	100,0%	668.030	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 57.605 )	7,8%	( 40.024 )	5,8%	( 40.389 )	6,0%
Heilbrigðismál .....	( 922 )	0,1%	( 902 )	0,1%	( 935 )	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 559.766 )	76,2%	( 512.184 )	73,6%	( 446.681 )	66,9%
Menningarmál .....	( 55.878 )	7,6%	( 54.930 )	7,9%	( 48.143 )	7,2%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 18.306 )	2,5%	( 12.684 )	1,8%	( 14.697 )	2,2%
Brunamál og almannavarnir .....	( 14.731 )	2,0%	( 12.923 )	1,9%	( 11.399 )	1,7%
Hreinlætismál .....	( 14.411 )	2,0%	( 8.635 )	1,2%	( 17.978 )	2,7%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 9.833 )	1,3%	( 17.636 )	2,5%	( 15.944 )	2,4%
Umferðar- og samgöngumál .....	( 6.017 )	0,8%	( 8.325 )	1,2%	( 6.543 )	1,0%
Umhverfismál .....	( 3.461 )	0,5%	( 1.516 )	0,2%	( 723 )	0,1%
Atvinnumál .....	( 4.579 )	0,6%	( 6.330 )	0,9%	( 3.238 )	0,5%
Sameiginlegur kostnaður .....	( 72.264 )	9,8%	( 72.855 )	10,5%	( 66.232 )	9,9%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 2.343 )	0,3%	( 2.343 )	0,3%	( 2.343 )	0,4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ...	34.560	( 4,7% )	36.970	( 5,3% )	42.275	( 6,3% )
Aðalsjóður samtals	( 50.824 )		( 18.666 )		35.059	
<b>Aðrir sjóðir í A hluta</b>						
Eignasjóður .....	25.102	( 3,4% )	17.858	( 2,6% )	( 312 )	0,0%
A hluti samtals	( 25.722 )	3,5%	( 809 )	0,1%	34.747	( 5,2% )



## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhagsáætlun	Viðaukar við fjárhagsáætlun	Fjárhagsáætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	486.722	21.300	508.022	486.309	21.300	507.609
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	221.396	0	221.396	221.396	0	221.396
Aðrar tekjur .....	90.624	16.500	107.124	118.624	17.800	136.424
	<u>798.742</u>	<u>37.800</u>	<u>836.542</u>	<u>826.329</u>	<u>39.100</u>	<u>865.429</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	480.333	11.209	491.542	480.333	11.209	491.542
Annar rekstrarkostnaður .....	301.416	19.500	320.916	312.929	19.500	332.429
	<u>781.749</u>	<u>30.709</u>	<u>812.458</u>	<u>793.262</u>	<u>30.709</u>	<u>823.971</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....	16.993	7.091	24.084	33.067	8.391	41.458
Afskriftir .....	( 19.878 )	0	( 19.878 )	( 28.094 )	0	( 28.094 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	( 2.885 )	7.091	4.206	4.973	8.391	13.364
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	5.407	0	5.407	( 4.874 )	0	( 4.874 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<u>2.522</u>	<u>7.091</u>	<u>9.613</u>	<u>99</u>	<u>8.391</u>	<u>8.490</u>

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða .....	2.522	7.092	9.613	99	8.391	8.490
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	19.878	0	19.878	28.094	0	28.094
Verðbætur .....	1.925	0	1.925	3.318	0	3.318
Veltufé frá rekstri	24.325	7.092	31.416	31.510	8.391	39.902
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting .....	0	2.343	2.343	0	2.343	2.343
Samtals	0	2.343	2.343	0	2.343	2.343
Handbært fé frá rekstri	24.325	9.435	33.759	31.510	10.734	42.245
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 13.000 )	( 2.900 )	( 15.900 )	( 22.000 )	( 2.900 )	( 24.900 )
Langtímakröfur, breyting .....	2.343	( 2.343 )	0	2.343	( 2.343 )	0
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	6.518	0	6.518	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 4.139 )	( 5.243 )	( 9.382 )	( 19.657 )	( 5.243 )	( 24.900 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	( 8.236 )	0	( 8.236 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	( 3.596 )	0	( 3.596 )	( 6.929 )	0	( 6.929 )
Fjármögnunarhreyfingar	( 11.832 )	0	( 11.832 )	( 6.929 )	0	( 6.929 )
<b>Hækkun á handb. fé.....</b>	<b>8.354</b>	<b>4.192</b>	<b>12.545</b>	<b>4.924</b>	<b>5.491</b>	<b>10.416</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b>116.561</b>	<b>75.534</b>	<b>192.095</b>	<b>122.795</b>	<b>82.735</b>	<b>205.530</b>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>124.915</b>	<b>79.726</b>	<b>204.640</b>	<b>127.719</b>	<b>88.226</b>	<b>215.946</b>